

Ed.

322. Breytingartillaga

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá atvinnumálaráðherra.

Á eftir 5. gr. frv. bætist ný grein svo látandi og breytist greinatalan samkvæmt því:

Á eftir 74. gr. stjórnarskrárinnar komi ný grein, er verði 75. gr. og orðist svo:

Þá er vatnsorkusérleyfis er beiðzt, er fer fram úr 25000 hestöflum, skal fengið samþykki tveggja Alþinga i röð til þess, áður en sérleyfið er veitt, og sæti málið sömu meðferð sem lagafrumvörp á hvoru þinginu.